

Rauðukambar ehf
Norðurljósavegi 9
241 Grindavík

Reykjavík, 26. ágúst 2024
UST202407-104/D.Ö.H.
09.04.00

Efni: Undanþága frá friðlýsingarskilmálum

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Rauðukamba ehf, dagsett þriðjudagur, 3. júlí 2024, um framkvæmdir innan landslagsverndarsvæðisins Þjórsárdal.

Landslagsverndarsvæði Þjórsárdal er friðlýst sbr. auglýsingu nr. 110/2020.

Til að tryggja vernd jarðminja er óheimilt að hrófla við, raska, eða skemma jarðminjar á friðlýsta svæðinu. Ekki skal vinna á móti náttúrulegri framvindu gróðurs á friðlýsta svæðinu nema í því skyni að standa vörð um verndargildi gervigíga í samræmi við ákvæði stjórnunar- og verndaráætlunar. Óheimilt er að spilla gróðri, öðrum en framandi tegundum, eða trufla dýralíf af ásetningi innan friðlýsta svæðisins. Ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi getur Umhverfisstofnun veitt leyfi fyrir framkvæmdum og/eða starfsemi skv. 13. gr. og 14. gr. friðlýsingar.

Í 5. mgr. 13. gr. friðlýsingar kemur fram að á svæði þar sem gert er ráð fyrir uppbyggingu mannvirkja í tengslum við ferðapjónustu er fyrirhuguð uppbygging. Svæðin eru 24 ha. og 8 ha. og eru í samræmi við deiliskipulag frá 2019. Í 3. mgr. 13. gr. kemur fram að innviðauppbjuggins svæðisins skuli fara eftir skipulagi þess. Hér er um undanþágu frá friðlýsingarskilmálum að ræða sbr. 41. gr. laga nr. 60/2013 þar sem ekki var fjallað um borholurnar í deiliskipulagi frá 2019

Mannvirki og innviðir sem reist eru í samræmi við 13. gr. skulu hönnuð með þeim hætti að þau falli sem best að umhverfinu og hindri ekki náttúrulegan framgang lífríkis á svæðinu.

Leyfi sem gefin eru út í tengslum við framkvæmdina skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun sem kemur fram í vatnaáætlun¹ skv. 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um undanþágu til að bora þrjár nýjar borholur til vatnsöflunar ásamt því að vinna að fullnaðarfrágangi á þremur eldri borholum. Kort sem sýnir fyrirhugaða staðsetningu nýrra borhola og staðsetningu eldri borhola fylgdi með umsókninni. Umsóknin tekur til tveggja vatnstökuhola og einnar holu til niðurdælingar. Verkefninu er m.a. ætlað að tryggja rekstraröryggi ferðapjónustu sem gert er ráð fyrir á deiliskipulagi frá 2019.

¹ [Vatnaáætlun Íslands 2022 - 2027](#)

Umhverfisstofnun hefur áður veitt Rauðukömbum ehf. leyfi d.s. 28. september 2023 (UST202304-048) vegna bygginga sem hýsa munu hótél, búningaæðstöðu, veitingarekstur og starfsmannaæðstöðu auk baðlóns og lagnaleiða. Jafnframt var veitt leyfi til lagningar vega innan þess svæðis sem skipulagt var í deilisskipulagi frá 2019.

Fyrirhugað framkvæmd er innan grunnvatnshlotsins Kerlingarfjöll-Hreppar (103-287-G)². Umhverfismarkmið vatnshlotsins er að hafa góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand skv. lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Ein hinna nýju hola verður fyrir kalt vatn (SL-06), dýpt er áætluð um 60 metrar. Önnur hola er fyrir volgt vatn (SL-08), dýpt er áætluð um 100 metrar. Þriðja hola er til niðurdælingar (SL-07, SL-07A, SL-07B eða SL-07C), dýpt er áætluð um 100 metrar. Settir eru fram fjórar mögulegar staðsetningar niðurdælingarholu en aðeins verður einn valmöguleiki nýttur til borunar.

Líkt og fyrr getur stendur til að ljúka frágangi á þremur borholum sem þegar hafa verið boraðar. Borhola RK-01 sem boruð var 2022 verður dýpkuð um 150 metra, áætluð heildardýpt 525 metrar. Borhola RK-03 sem boruð var 2022 verður dýpkuð um 250 metra, áætluð heildardýpt 500 metrar. Borhola SL-04 sem boruð var 2022 og er kaldavatnshola verður dýpkuð um 20 metra, áætluð heildardýpt 50 metrar.

Hola SL-06 yrði staðsett í lægð innan um gervigíga þar sem fyrir eru tvær holur SL-02 sem er kaldavatnshola boruð 2011 og SL-04 sem er kaldavatnshola boruð 2022. Aðrar holur sem eru til umfjöllunar eru staðsettar nær Fjallaböðunum, innan deiliskipulagssvæðis. Skolvatn og svarf úr borun SL-06 færi í lægð sem fyllist af snjó og vatni yfir veturinn og ummerki líkleg til að afmást á einum vetri. Hraun er nokkuð slétt þar sem fyrirhugað er að bora og í hvarfi þar til komið er að fyrirhugaðri holu og auðvelt að ganga frá svæðinu þannig að lítið beri á holutoppnum.

Fyrirliggjandi slóðar verða nýttir til aðkomu að holunum og akstri utan þeirra haldið í lágmarki.

Ekki er búið að teikna endanlega lagnaleið frá SL-06 á kort en ákvörðun um staðsetningu lagnaleiða mun fara fram í samvinnu Rauðukamba og Umhverfisstofnunar með það að markmiði að lagnir hafi ekki óþarfa áhrif á ásýnd svæðisins eða verði að hluta eða öllu leyti huldar sjónum og rask afmáð.

Að framkvæmdinni kæmu 3-5 starfsmenn. Aðstaða fyrir starfsmenn verður í vinnubúðum sem fyrir eru á svæðinu vegna framkvæmda við Fjallaböðin. Áætlað er að hefja borun um leið og öll leyfi liggja fyrir og áætlað að framkvæmdirnar standi yfir í rúma fjóra mánuði.

Umsagnir:

Í samræmi við 13. gr. auglýsingar um friðlýsingu svæðisins í stjórnartíðindum nr. 110/2020 óskaði Umhverfisstofnun umsagnar Minjastofnunar Íslands þann 15. júlí 2024 um framkvæmdina. Umsögn Minjastofnunar barst þann 19. júlí 2024. Í umsögn Minjastofnunar kom fram að Minjastofnun gerir ekki athugasemdir við staðsetningu fyrirhugaðra borhola

² Vatnavefsjá stjórnar vatnamála - [Grunnvatnshlotið Kerlingarfjöll-Hreppar \(103-287-G\)](#)

sunnan Rauðukamba og norðan Reykhólts í Þjórsárdal eins og fram kemur á uppdrætti sendum með umsókn þann 3. júlí 2024.

Í samræmi við 1. mgr. 41. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd óskaði Umhverfisstofnun umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands og viðeigandi náttúruverndarnefndar þann 29. júlí sl. um beiðni um undanþágu frá friðlýsingarskilmálum landslagsverndarsvæðisins Þjórsárdal.

Í umsögn loftslags- og umhverfisnefndar Skeiða- og Gnúpverjahrepps kom fram að það væri mat hennar að framkvæmdin í heild sinni væri orðin betri með tilliti til umhverfisins og að tryggja sjálfbærni svæðisins til framtíðar. Því gerði nefndin engar athugasemdir við fyrirhugaðan frágang á fyrri borholum ásamt nýjum viðbótarborholum.

Náttúrufræðistofnun gerir eina athugasemd er varðar áformaða borholu SL-06 sem er borhola fyrir kalt vatn. Sú borhola er staðsett á gervígígasvæði sem Náttúrufræðistofnun hefur áður bent á í umsögnum er tengjast framkvæmd við Fjallaböðin, að forðast eigi að raska vegna verndargildis. Best væri að mati stofnunarinnar ef engar borholur verði staðsettar innan gervígígasvæðisins. Náttúrufræðistofnun tekur einnig fram að jákvætt sé að lítið rask hafi orðið vegna þeirra borhola sem nú þegar eru á svæðinu og að afar brýnt sé að tryggt sé að svo verði varðandi frekar frágang og notkun á borholum SL-02 og SI-04 og framkvæmd við nýja borholu SL-06. Að því sögðu telur Náttúrufræðistofnun að forðast ætti eins og hægt er að staðsetja borholur innan gervígígasvæðisins því þótt vel hafi gengið hingað til er alltaf hættu á að rask verði við frekari framkvæmdir og aukna umferð um svæðið. Náttúrufræðistofnun bendir einnig á nauðsynlegt sé að vakta vandlega áhrif vatnstöku og niðurdælingar á ástand vatnshlotin og grípa þurfi til aðgerða ef vísbendingar eru um hnignun þess.

Umhverfisstofnun aflaði frekari upplýsinga frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagnar Náttúrufræðistofnunar. Kom þar fram að staðsetning borholunnar innan gervígígasvæðis sem um ræðir væri eini möguleikinn að teknu tilliti til tæknilegra þátta og umhverfisþátta. Fellst Umhverfisstofnun á þau rök sem þar koma fram varðandi vernd svæðisins og varðveislu grunnvatnshlotsins. Í minnisblaði frá Rauðukömbum kom einnig fram að nærsvæðinu yrði sýnd fyllst áðgát og jarðvegsdúkur verður lagður á yfirborðið áður en borun hefst svo auðvelt verði að fjarlægja ummerki eftir að borun lýkur. Með þessari staðsetningu er einnig hægt að tryggja að lagnaleiðin verði innan svæðis sem þegar er raskað af öðrum orsökunum heldur en borunum. Í svörum framkvæmdaraðila kom einnig fram að ef vinnslusvæðið yrði fært er líklegt að sjá myndi á því svæði og auk þess myndi það kalla á lengri lagnaleið með tilheyrandi raski.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefni líklegt til að hafa neikvæð áhrif á náttúrufar svæðisins á framkvæmdartíma en sé vel staðið að framkvæmdinni ættu ummerki að hverfa nokkuð hratt ef farið er eftir skilyrðum undanþágunnar.

Leggja þarf lagnir að hóteli og Fjallaböðunum, m.a. upp í hlíð Rauðukamba. Svæðið er þegar nokkuð raskað vegna framkvæmda á svæðinu og vegslóðum. Að hluta til er hægt að leggja lagnirnar undir slóða sem þegar eru til staðar. Mikilvægt er að ganga frá jarðraski vegna lagnaskurða með efni af svæðinu.

Þegar eru miklar framkvæmdir í gangi fyrir á svæðinu með tilheyrandi truflunum fyrir gesti svæðisins og er borunin ekki líkleg til að bæta miklu við þau áhrif.

Þó svo að framkvæmdin sé metin til að hafa neikvæð áhrif á framkvæmdartíma stríðir hún að mati Umhverfisstofnunar ekki verulega gegn markmiði friðlýsingarinnar og hefur óveruleg áhrif á verndargildi þeirra náttúru-minja sem friðlýsingin beinist að séu skilyrðum þessarar undanþágu fylgt í hvívetna. Eru því uppfyllt skilyrði 1. mgr. 41. gr. fyrir undanþágunni.

Framkvæmdaraðili gerði áhrifamat vegna framkvæmdarinnar í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og var metið hvort framkvæmdin væri til þess fallin að hafa áhrif á lögbundin umhverfismarkmið grunnvatnshlotsins. Niðurstaða matsins var sú að framkvæmdin hefði ekki áhrif á umhverfismarkmið um góða magnstöðu né gott efnafræðilegt ástand grunnvatnshlotsins Kerlingafjöll-Hreppar (103-287-G). Mikilvægt er að fyrirhugað nýtingarleyfi og leyfi fyrir hreinsun fráveituvatns séu í samræmi við stefnumörkun vatnaáætlunar og að þar sé gerð krafa um vöktun til að tryggja lögbundin umhverfismarkmið grunnvatnshlotsins.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Rauðukömbum undanþágu frá friðlýsingarskilmálum. Undanþágan nær til jarðrasks í tengslum við borun þriggja borhola, dýpkun eldri borhola innan Landslagsverndarsvæðisins Þjórsárdal sbr. lýsingu hér að ofan og til lagnaskurða og frágangs. Undanþágan gildir frá dagsetningu þessa bréfs til 31. desember 2024 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja undanþágunni, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávík við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Einungis skal aka þeim tækjum sem nota þarf vegna verkefnisins að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Óheimilt er að keyra utan í gervígana og taka efni úr þeim.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Gæta skal að mengunarrörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.

- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast, sem stuðlar að náttúrulegu útliti og um leið afmá öll ummerki framkvæmdarinnar.
- **Ákvörðun um staðsetningu lagnaleið og slóða og frágangur þeirra skal ákveðin í samvinnu við Umhverfisstofnun.**
- Þar sem grafa þarf lagnaskurði og setja í fylliefni til að styðja við lagnir skal ganga frá skurðum með því efni sem fellur til við skurðgröftinn til að afmá öll sýnileg áhrif á yfirborði.

Vakin er athygli á því að hér er eingöngu veitt undanþága til jarðrasks innan friðlýsts svæðis í samræmi við ofangreindar upplýsingar. Umsækjandi ber ábyrgð á að afla annarra nauðsynlegra leyfa m.a. leyfi á grundvelli laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998, starfsleyfi heilbrigðisnefndar fyrir starfsemi og niðurdælingu vatns í jarðhitageymi, framkvæmdaleyfi sveitarfélags, leyfi forsætisráðuneytis til að framkvæma í þjóðlendu svo eitthvað sé nefnt.

Ef ekki kemur til nýtinga holanna gerir Umhverfisstofnun það að skilyrði að vel verði gengið frá holunum og lokað verði fyrir þær til að tryggja öryggi fólks á svæðinu.

Leyfi landeigenda og sveitarfélags þarf fyrir verkefninu. Svæðið er innan þjóðlendu og gæti leyfi forsætisráðuneytisins þurft fyrir framkvæmdunum skv. lögum nr. 58/1998. Leyfi Minjastofnunar þarf fyrir framkvæmdinni. Sé skilyrðum undanþágu ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað undanþáguna skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Ákvörðunin er kæránleg til umhverfis og auðlindaráðuneytisins skv. 26. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993, sbr. 2. mgr. 91. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 innan þriggja mánaða frá dagsetningu þessa bréfs.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst.

Inga Dóra Hrólfsdóttir
sviðsstjóri

Daníel Freyr Jónsson
sérfræðingur